Skóla-akur

Vefrit um skólamál 4. tbl. 8. árg. 27. febrúar 2014

Myndir augnabliksins eru frá Tröllaborgum og sýna vinastund í lok fjölmenningarviku.

Dagur tónlistarskólanna.

Laugardaginn 22. febrúar hélt Tónlistarskólinn á Akureyri upp á Dag tónlistarskólanna. Bauð skólinn upp á tónleika í Hamraborg þar sem stiklað var á stóru í tónlistarsögunni í tali og tónum. Nemendur sem komu fram voru frá 4 ára aldri og upp úr, ýmist einir sér eða í minni og stærri hópum og á öllum námsstigum. Fyrri tónleikarnir voru kl. 13:00 en þeir seinni kl. 15:00.
Í síðasta atriðinu komu allflestir nemendurnir saman á sviðið eða rétt um 300 og fluttu lagið Get lucky í útsetningu Alberto Carmona sem einnig stjórnaði flutningnum.

Þóttu tónleikarnir takasat vel og var almenn ánægja með sýningarnar meðal gesta, nemenda og starfsfólks.

Svífðu litla, létta blað.

Fréttabréf kennsluráðgjafa vegna nemenda, sem hafa íslensku sem annað tungumál, hefur nú verið sent til allra leik- og grunnskólakennara.
Fréttabréfið má lesa hér: http://akmennt.is/erlendir/Frettabref_2.tbl._3.arg.pdf.

Varðliðar umhverfisins.

Óskað er eftir verkefnum til þátttöku í hinni árlegu verkefnasamkeppni, *Varðliðum umhverfisins*. Þetta er í 8. sinn sem samkeppnin er haldin meðal grunnskólabarna í 5. til 10. bekk en að henni standa umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Landvernd og Náttúruskóli Reykjavíkur.
Markmið keppninnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismál og kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar á því sviði.
Skilafrestur verkefna er til 1. apríl 2014 og þau skal senda umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík, merkt „Varðliðar umhverfisins". Dómnefnd skipuð fulltrúum umhverfis- og auðlindarráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur velur úr innsendum verkefnum og tilnefnir *Varðliða umhverfisins.*
Verkefnin mega vera af fjölbreyttum toga, t.d. ritgerðir, ljósmyndir, ljóð, veggspjöld, bæklingar, myndbönd og hljóðverk. Í stuttu máli er frjálst að skila inn verkefnum í hvaða formi sem er svo lengi sem þau eru sannarlega unnin af nemendunum sjálfum og umfjöllunarefni þeirra eru umhverfismál í víðum skilningi þess orðs.
Sjá nánar: http://www.umhverfisraduneyti.is/vardlidar

Árshátíð starfsmanna Akureyrarbæjar 2014

verður haldin í íþróttahöllinni 22. mars. Skráningu lýkur 4. mars skráningarlistum þarf að skila á skóladeild Akureyrarbæjar í síðasta lagi miðvikudaginn 5. mars kl. 14.00 eða senda þá skannaða í tölvupósti á netfangið sesselja@akureyri.is.
Miðasala verður á skóladeild Akureyrarbæjar 10. og 11. mars.

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Fréttir frá Hlíðaból.

Hlíðaból er leikskóli sem Hvítasunnukirkjan rekur. Þar eru tvær deildir, Glaðheimar þar sem elstu börnin eru, og svo Glaumbær þar sem yngstu börnin eru. Hjá okkur er alltaf gleði og gaman og mikið um að vera.

Vikan 17. - 21. febrúar var góðgerðarvika hjá okkur. Á þriðjudeginum var fórum við börnin á Glaðheimum ásamt starfsfólki í heimsókn á hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð. Þar hittum við heimilisfólk og starfsmenn. Þegar við komum var boðið upp á safa og kökur síðan var okkur skipt í fjóra hópa og fór hver hópur inn á sína deild og bakaði með heimilisfólkinu. Það var rosalega gaman. Við fengum svo að smakka kökurnar og auðvitað gáfum við fólkinu með okkur. Við skoðuðum líka dýrin sem eiga heima þarna, sáum kisu, kanínur, páfagauka og fiska. Þetta var alveg rosalega skemmtileg ferð og allir himinlifandi.

Krakkarnir á Glaumbæ voru hinsvegar búnir að safna fötum í poka sem þeir fóru með í Rauða Krossinn á miðvikudagsmorgninum. Þar var vel tekið á móti þeim með veitingum. Fólkið í Rauða Krossinum var rosalega þakklátt fyrir fötin sem krakkarnir færðu því. Alltaf gaman og gott að geta gert góðverk.

Vikan endaði svo með smá athöfn inni í kirkjunni okkar en krakkarnir héldu tónleika fyrr í mánuðinum og söfnuðu fyrir ABC hjálparstarfið. Náðu þeir að safna rúmlega 16.000 kr, sem voru afhentar ABC, og fengu þeir viðurkenningu fyrir sem þeir setja stoltir upp á vegg hjá sér í skólanum.

Með kærri kveðju ... Krakkarnir á Hlíðaból, leikskóla Hvítasunnukirkjunnar.

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla

verða afhent miðvikudaginn 8. maí 2014 við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu.

Markmið Foreldraverðlauna Heimilis og skóla er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fer fram innan leik-, grunn og framhaldsskóla og þeim mörgu verkefnum sem stuðla að öflugu og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og samfélagsins.
Foreldraverðlaun eru veitt til eins verkefnis/viðfangsefnis. Heimili og skóli – landssamtök foreldra standa fyrir Foreldraverðlaunum en samtökin sjálf, stjórn eða starfsfólk ,tilnefna ekki verkefni heldur vinnur dómnefnd úr innsendum tilnefningum. Niðurstöður dómnefndar byggjast á greinargerðum og rökstuðningi þeirra aðila sem tilnefndu.
Sjá nánar: http://www.heimiliogskoli.is/2014/02/tilnefningar-til-foreldraverdlaunanna-2014/

Hundrað daga hátíð í Brekkuskóla.

Það er orðinn árviss viðburður í skólanum þegar 1. bekkur heldur sína 100 daga hátíð. Hún er haldin þegar nemendur 1. bekkjar hafa verið 100 daga í grunnskóla. Þeir safna dögum alveg frá skólabyrjun. Í leiðinni er nemendum kennt að setja einingar saman í tugi. Þegar þeir hafa safnað 10 tugum kemur í ljós að það er það sama og 100 dagar.

Þennan dag mæta nemendur og kennarar prúðbúnir og telja saman 10 sinnum 10 einingar af góðgæti í kramarhús þar til þeir eru komnir með 100 mola í kramarhúsið. Nemendur syngja og horfa saman á mynd. Að lokum ganga þeir svo fylktu liði um skólann og syngja. Hátíðin setur skemmtilega svip á skólastarfið þennan dag.

Líf og fjör í Síðuskóla.

Undirbúningur er í fullum gangi fyrir árshátíð skólans sem verður í vikulok. Það eru spenntir nemendur og enn spenntari kennarar sem fara mikinn á sviðinu við æfingar og undirbúning.

Á sama tíma er hópur nemenda að æfa fyrir Skólahreysti. Hér má sjá nokkrar skemmtilegar myndir sem hafa verið teknar undanfarna daga.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 13. mars